

Velkomin

ResMed AirMini™ kerfið sameinar ResMed AirMini ferðakæfisvefnsvél, grímur og AirMini frá ResMed™ App.



VIÐVÖRUN

Lesið allar leiðbeiningarnar fyrir notkun vélarinnar.



VARÚÐ

Alríkislög í Bandaríkjunum takmarka sölu vélarinnar við lækna eða samkvæmt frímælum læknis.

Ábendingar um notkun

AirMini ferðakæfisvefnsvélin er ætluð til meðferðar við kæfisvefni hjá einstaklingum (konum með vægan til miðlungsmikinn kæfisvefn, þegar AutoSet for her er notað sem meðferð) sem eru þyngri en 30 kg.

Það er ætlað til notkunar á heimilum og á sjúkrahúsum.

Klínískur ávinningur

Klínískur ávinningur CPAP meðferðar er minnkun kæfisvefns, vanöndunar og svefnleysis, sem og betri lifsgæði.

Klínískur ávinningur af meðferð með rakatæki er minnkun aukaverkana sem tengjast notkun á jákvæðum þrýstingi fyrir öndunarfæri.

Frábendingar

Frábendingar við meðferð með jákvæðum þrýstingi fyrir öndunarfæri gæti verið hjá sumum einstaklingum, sem eru með eftirfarandi kvilla:

- alvarleg blöðruloftþemba (*bullous lung disease*)
- loftþrjóst
- mjög lágur blóðþrýstingur
- vessaþurrð
- heila- og mænuvökvaleki, nýleg aðgerð á höfuðkúpu eða áverki.

Aukaverkanir

Látið lækinn sem stýrir meðferðinni vita um óeðlilegan brjóstverk, verulegan höfuðverk eða aukna mæði. Bráðasýking í efri hluta öndunarveggar gæti kallað á að meðferð sé hætt tímabundið.

Eftirfarandi aukaverkanir geta komið fram meðan á meðferð með vélinni stendur:


- þurrkur í nefi, munni eða hálsi
- blóðnasir
- uppþemba
- óþægindi í eyrum eða ennisholum
- erting í auga
- húðútbrot.

Við fyrstu sýn

AirMini kerfið samanstendur af AirMini vélinni, afgangi, taupoka og einu af eftirtöldu:

- AirMini uppsetningarpakki - F30: barki og tengi fyrir andlitsgrímu
- AirMini uppsetningarpakki - F20: barki og tengi fyrir andlitsgrímu ásamt HumidX™ F20
- AirMini uppsetningarpakki - N20: barki N20 tengi, HumidX og HumidX Plus
- AirMini grímupakki fyrir N30: barki, AirFit™ N30 fyrir AirMini grímu (M), N30 púði (S), N30 púði (SW), HumidX og HumidX Plus
- AirMini grímupakki fyrir P10: barki, AirFit P10 fyrir AirMini grímu (M), P10 púði (S), P10 púði (L), HumidX, HumidX Plus og AirFit P10 klemmur fyrir höfuðbúnað

AirMini kerfið þitt



1. Start/Stopptakki
2. Inntak aflagjafa
3. Úttak aflagjafa
4. Lok fyrir loftsiú
5. Takki fyrir Bluetooth
6. 20W aflagjafareining

AirMini vélin er hannað til að vinna með ResMed AirMini app (smáforrit). Þó er AirMini app ekki nauðsynlegt til að vélin geti unnið. Vegna frekari upplýsinga um AirMini app, sjá *Using your machine with the AirMini app* eða *AirMini app Patient eHelp*.

Tryggið að allir hlutar og fylgihlutir sem notaðir eru með vélinni samræmist notkuninni. Upplýsingar um samrýmanleika má finna á ResMed.com.


Grímutengi

AirMini vélin passar við ResMed grímur.

Sjá heildarlista undir *Mask/Device Compatibility List* á vefsíðunni ResMed.com/downloads/masks.


Ath.: Ekki eru allar grímur fánlegar alls staðar.

Tengi fyrir andlitsgrímu (til nota með viðeigandi andlitsgrímum)




1. Andlitsgríma
2. And-köfnunarloki
(Anti-Asphyxia Valve – AAV)
3. Loftrás
4. AirMini barki

Tengi fyrir nefgrímur (til nota með viðeigandi nefgrímum)




1. Nefgríma
2. Tengir fyrir nefgrímu
3. Loftrásareining
4. Loftrás
5. AirMini barki

AirFit N30 fyrir AirMini



1. AirFit N30 nefgríma fyrir AirMini
2. Loftrásareining
3. Loftrás
4. AirMini barki

AirFit P10 fyrir AirMini



1. AirFit P10 nasagríma fyrir AirMini
2. Loftrásareining
3. Loftrás
4. AirMini barki

Raki

AirMini kerfið notar rakagjafa án vatns sem er hannaður til að auka þægindi meðferðarinnar. Það eykur rakastigið í loftinu sem þú andar og dregur úr hugsanlegum þurrki.

Til eru ýmsar gerðir af rakagjöfum án vatns sem eru mismunandi eftir grímum og þörfum meðferðar.



- HumidX F20 — notað með F20-grímum sem veita meiri þægindi meðan á meðferð stendur.



- HumidX™ (blátt) — byrjunarstig til að finna rétt magn af rakagjöf.
- HumidX Plus (grátt) — eykur rakastig enn frekar og er gagnlegt þegar raki í umhverfinu er mjög lítill (t.d. á stöðum sem liggja hátt, í flugvélum).


Athugasemdir:

- Vatnslausan rakagjafa ætti ekki að þvo eða láta liggja í vatni þar sem það mun hafa áhrif á virkni hans.
- Rakagjafanum verður að skipta út innan við 30 daga eftir opnun innsiglaðrar þakkingar.
- Rakagjafinn er einungis fyrir sama sjúklinginn og er margnota.

Uppsetning og upphaf meðferðar

Notaðu AirMini vélina einungis eins og lækni eða heilbrigðis-
starfsmaður hefur ráðlagt. Upplýsinga um mátun grímu, sjá
notkunarleiðbeiningar fyrir grímuna.


Notkun tengisins fyrir andlitsgrímu



1. Stingið aflgjafanum í vélina og rafmagnsinnstungu. Tengið gráa endann á AirMini barkanum þétt við útstreymisop loftsins.
2. Tengið millistykkið á barkanum við grímuna.
3. Til að bæta við valfrjálsum raka: Með því að snúa ResMed merkinu frá þér skaltu setja HumidX F20 í loftinntakið á F20 grímu þar til það smellur á sinn stað.

Mátið grímuna eins og leiðbeint er um í leiðbeiningunum fyrir grímuna. Þrýstu á **Start/Stop** hnappinn eða andaðu eðlilega ef SmartStart™ er virkt.

Notkun nefis- eða nasatengisins



1. Stingið aflgjafanum í vélina og í rafmagnsinnstungu. Tengið gráa endann á AirMini barkanum þétt í loftrásina.
2. Til að bæta við valfrjálsum rakagjafa: Opnið millistykkið með því að snúa því varlega. Haldið um hliðarnar á HumidX, snúið lituðu hliðinni niður og setjið á sinn stað. Þrýstið millistykkinu varlega saman og snúið þar til það læsist.
3. Látið grímuna passa eins og sýnt er í leiðbeiningum fyrir grímuna. Tengið millistykkið við grímuna.
4. Þrýstið á **Start/Stop** hnappinn og andið eðlilega ef SmartStart™ er virkt.

Meðferð stöðvuð

1. Takið grímuna af.
2. Þrýstið á **Start/Stop** hnappinn eða bíðið þar til vélin stöðvast ef SmartStop er virkt.

Aukin þægindi

Aðlögunartími, þrýstingslækkun (*Pressure Relief*) og SmartStart™ er virkt í vélinni.

Aðlögunartími (*Ramp Time*)

Hannað til að gera upphaf meðferðar þægilegra. *Ramp Time* er tímabilið þegar þrýstingur er smám saman aukinn frá lágum upphafsþrýstingi að meðferðarþrýstingi.

SmartStart

Þegar kveikt er á SmartStart byrjar meðferðin sjálfkrafa þegar andað er í grímuna.

SmartStop

Þegar kveikt er á SmartStop stöðvast meðferðin sjálfkrafa nokkrum sekúndum eftir að gríman er fjarlægð.

Þrýstingslækkun útöndunar (*Pressure Relief*)

Hannað til að gera meðferðina þægilegri. Þrýstingslækkun útöndunar viðheldur æskilegustu meðferð við innöndun og dregur úr þrýstingi í grímunni við útöndun.

Stilling á þægindastigi

Meðferðaraðili hefur stillt AirMini vélina eftir þínum þörfum, en þú getur breytt þægindastillingu lítilsháttar til að gera meðferðina enn þægilegri.

Til að fá frekari upplýsingar um þægindastillingar, eða upplýsingar um breytingar á stillingunum, AirMini app Patient eHelp.

Notkun vélarinnar með smáforritinu AirMini app

Nota má AirMini vélina með smáforritinu AirMini app frá ResMed. Þegar þú hefur samræmt og tengt vélina við Bluetooth snjalltæki er hægt að hefja og stöðva meðferð, breyta þægindastillingum og sjá upplýsingar um meðferð með AirMini app. Upplýsingar sem sendar eru um Bluetooth eru dulkóðaðar til að vernda persónulegar upplýsingar.

Tenging vélarinnar og snjalltækis

Áður en AirMini vélin er tengd við snjalltækið skal ganga úr skugga um að nýjasta útgáfa af AirMini app smáforritinu hafi verið uppfært í snjalltækinu. Ef ekki skal hlaða því niður frá App StoreSM eða Google Play store.

1. Gakktu út skugga um að vélin sé rétt uppsett og tengd við rafmagn.
2. Virkjaðu Bluetooth á snjalltækinu.
3. Opnaðu AirMini app smáforritið.

Í fyrsta skiptið sem þú opnar AirMini app verður þú beðinn um að:

- veita samþykki fyrir notkun á greiningum
- samþykkja notkunarskilmála og persónuverndarstefnu ResMed
- veita samþykki fyrir því að AirMini app fái að hlaða upplýsingum í tökvuský.

Veljið viðeigandi reiti til að veita samþykki fyrir og samþykkja stefnur.

Athugasemdir:

- Samþykktarreitir fyrir greiningar er sjálfgefið val.
- Af og til geta notkunarskilmálar verið uppfærðir og þú gætir þurft að veita samþykki aftur.
- Ef þú samþykkir að leyfa AirMini app að hlaða upplýsingum í tölvuský verður þeim hlaðið frá AirMini app á öruggan netþjón.
- Það eru tvær aðskildar aðferðir til að hlaða inn gögnum:

Bakgrunnsupplýsingum hlaðið upp — smáforritinu leyft að hlaða upp öllum upplýsingum sem hefur ekki þegar verið hlaðið í tölvuský án neinnar aðgerðar frá notanda (þ.e. smáforritið hleður sjálfkrafa upp öllum tiltækum nýjum upplýsingum og þegar virk nettenging er til staðar). Þú verður að gefa samþykki til að virkja þessa leið þar sem hún er sjálfgefið óvirk. Þessa leið má hvenær sem er gera virka eða óvirka á *More* skjánum.

Hlaðið upp skv. skipun — leið sem meðferðaraðili eða einstaklingur getur hafið sem hleður upp öllum upplýsingum sem ekki hafa þegar verið sendar í skýið. Þessa aðferð geta meðferðaraðili eða sjúklingur notað, óháð því hvort veitt hefur verið samþykki fyrir bakgrunnsupplýsingum eða ekki. Til að nota þessa aðferð verður smáforritið að hafa virka Bluetooth tenging við AirMini.

Frekari upplýsingar og krækjur eru veittar á Welcome-síðunni:“

- **Ítarefni** — útskýringar á hvernig greiningar eru notaðar
- **Skilmálar** — Notkunarskilmálar ResMed
- **Persónuvernd** — Persónuverndarstefna ResMed
- **Mínar upplýsingar** — upplýsingar um persónuverndarstefnu.

4. Þegar vali er lokið á Welcome-síðunni skal ýta á *Continue*.
5. Þrýstið á Bluetooth hnappinn  á vélinni þegar AirMini app biður um það.

Þegar blátt ljós byrjar að blikka , er Bluetooth virkt á AirMini vélinni og tilbúin að tengjast.

6. Þrýstið á Connect á snjalltækinu.

Þegar AirMini vélin hefur fundist birtist nafn vélarinnar á vallista hennar.

7. Veljið nafn vélarinnar af listanum til að tengjast.
8. Í fyrsta skipti sem þú parar saman AirMini vélina og snjalltækið þitt þarft þú að framkvæma auðkenningarferli.

Þegar AirMini app biður um það þarftu að auðkenna þig með því að setja inn fjögurra tölustafa lykil sem er á bakhluta vélarinnar.

Þú getur einnig þrýst á *Scan code* (skanna kóða). Ef leyfi hefur ekki þegar verið gefið mun AirMini app biðja um að þú notir myndavél á snjalltækinu og staðsetja síðan QR kóða vélarinnar innan sjónramma myndavélarinnar.



Ath.:

QR kóðinn er staðsettur á bakhluta AirMini vélarinnar.

9. Þrýstu á *Done*.

Þegar tenging er komin á birtist mynd  fyrir Bluetooth tengingu í efra hægra horninu á AirMini app.

Bluetooth staðan sýnd



Bluetooth blátt
blikkandi ljós

Vélin er á leitarstillingu og tilbúin til
að tengjast við snjalltæki.



Bluetooth blátt
stöðugt ljós

Vélin er tengd við snjalltæki.



Bluetooth hvítt
stöðugt ljós

Bluetooth á vélinni er aftengt.

Bluetooth ljósið um stöðu
er slökkt

Vélin er ekki tengd við snjalltæki.

Ath.: Þegar meðferð er hafin mun stöðuljósið byrja að dofna.

Þrif og viðhald

Það er mikilvægt að þrifa AirMini vélina reglulega til að ná ákjósanlegustu meðferð. Næstu kaflar munu hjálpa þér við að taka í sundur, þrifa og athuga vélina.



VIÐVÖRUN





- Ávallt skal fylgja þrifaleiðbeiningunum. Sum hreinsefni geta skemmt barkana og haft áhrif á virkni þeirra eða skilið eftir skaðlegar leifar af efnum sem gæti verið andað inn ef ekki er skolað vandlega.
- AirMini tengi, AirFit P10 fyrir AirMini og AirFit N30 fyrir AirMini innihalda loftunarkerfi til að hindra að koldíoxíð safnist fyrir í grímunni. Loftunarkerfið verður að halda hreinu og lausu við mengun til að virka á réttan hátt. Með því að teppa eða eiga við loftunarkerfið gæti það leitt til að miklu koldíoxíði yrði andað inn aftur.
- Þrífið AirMini barka, tengi og hluta grímunnar reglulega til að meðferðin verði sem best og til að koma í veg fyrir örverugróður sem gæti haft neikvæð áhrif á heilsuna.
- Skoðið rakagjafann reglulega og fylgið leiðbeiningum um þrif og viðhald til að koma í veg fyrir örverugróður sem gæti haft neikvæð áhrif á heilsuna.



VARÚÐ





Ef augljósar skemmdir eru sjáanlegar á einhverjum hlutum kerfisins eru augljósar (sprungur, mislitun, rifur o.s.frv.) skal farga hlutanum og útvega nýjan.

Tekið í sundur
Andlitsgrímur



1. Klemmið hliðarnar á tenginu og aftengið frá grímunni.
2. Fjarlægið HumidX F20 úr grímunni.
Ath.: Ekki má þvo rakagjafann það sem það mun hafa áhrif á virkni hans.
3. Aftengið grímutengið frá AirMini barkanum með því að snúa varlega og toga í sundur.
4. Aftengið AirMini barkann frá vélinni með því að þrýsta á hliðarhnappana á barkanum og toga í sundur. Takið algjafann úr sambandi og aftengið vélina.

Nasa- og nefgrímur, AirFit P10 fyrir AirMini og AirFit N30 fyrir AirMini



1. Fyrir nasa- og nefgrímur: þrýstið á hliðarhnappana á hlið tengisins og aftengið frá grímunni.
2. Fyrir nasa- og nefgrímur: aftengið loftrásareininguna frá barkanum með því að snúa varlega og toga hlutana tvo frá hvor öðrum.
3. Snúið varlega og togið hlutana tvo frá hvor öðrum. Ef rakagjafinn er notaður skal hann fjarlægður frá loftrásareininginni.

Ath.: Ekki má þvo rakagjafann þar sem það hefur áhrif á virkni hans.

4. Aftengið AirMini barkann frá vélinni með því að þrýsta á hliðarhnappana á barkanum og toga hann í burtu. Takið aflgjafann úr sambandi frá rafmagstengingu og vélinni.

Príf og endurnýjun hluta

Aftengið alla hluta samkvæmt leiðbeiningunum og gangið ur skugga um að rakagjafinn sé fjarlægður og geymdur á hreinum, þurrum stað.

Skoðið vatnslausa rakagjafann

(HumidX, HumidX Plus og HumidX F20)

1. Athugið daglega hvort merki séu um skemmdir eða stíflur vegna óhreininda eða ryks.
2. Endurnýja þarf rakagjafann innan 30 daga frá því að innsiglaða pakkningin er opnuð.
3. Þegar rakagjafinn er ekki notaður skal geyma hann á hreinum, þurrum stað.

Ath.: Ekki má þvo rakagjafann.

Príf á AirMini barka

1. Þrifið og skoðið barkann vikulega. AirMini barkann skal endurnýja að minnsta kosti á sex mánaða fresti.
2. Þvoið AirMini barkann í volgu vatni með mildum hreinsivökva, til dæmis Ultra Joy uppþvottalegi.
3. Skolið vandlega og látið þorna fjarri beinu sólarljósi og/eða hita
4. Skoðið AirMini barkann og endurnýðið ef göt, rifur eða sprungur er á honum.


Ath.: Ekki þvo AirMini barkann í uppþvottavél eða þvottavél.

Príf á F20 tengi fyrir AirMini

1. Þrifið og skoðið F20 tengið daglega. Endurnýja skal tengið að minnsta kosti á sex mánaða fresti.
2. Þvoið í volgu vatni með mildum hreinsivökva, til dæmis Ultra Joy uppþvottalegi.
3. Þrifið með mjúkum burstu og aðgætið sérstaklega að loftrásaropum.
4. Skolið vel í rennandi vatni. Hristið til að losna við yfirmagn vatns og látið þorna fjarri beinu sólarljósi.

5. Gangið úr skugga um að ekki séu óhreinindi eða ryk í loftrásaropum.


Ath.: Ekki þvo í uppþvottavél eða þvottavél.



Þrif á N20 tengi fyrir AirMini

1. Þrífið og skoðið N20 tengið daglega. Endurnýja skal tengið að minnsta kosti á sex mánaða fresti.
2. Þvoið tengið í volgu vatni með mildum hreinsivökva, til dæmis Ultra Joy uppþvottalegi.
3. Þrífið með mjúkum burstu og aðgætið sérstaklega að loftrásaropum inni í tenginu.
4. Skolið vel í rennandi vatni. Hristið til að losna við umframmagn vatns og látið þorna fjarri beinu sólarljósi.
5. Gangið úr skugga um að ekki séu óhreinindi eða ryk í loftrásaropum.

Ath.: Ekki þvo í uppþvottavél eða þvottavél.



Þrif á grímunni

Sjá notkunarleiðbeiningar fyrir viðeigandi grímu vegna leiðbeininga um þrif á AirFit P10 fyrir AirMini og AirFit N30 fyrir AirMini grímur.


Skipt um loftsúu

Endurnýðið að minnsta kosti á 6 mánaða fresti. Má ekki þvo.

Skoðið og endurnýðið oftar ef göt eru eða stíflur vegna óhreininda eða ryks.

Skipt um loftsúu:

1. Rennið hlífðarloki loftsúnnar af og fjarlægjið gömlu síuna.
2. Setjið nýja loftsúu í og rennið hlífðarlokinu aftur á sinn stað.



Athugasemdir:

- Gætið að því að hlífðarlok loftsúnnar sé alltaf á sínum stað til að hindra að vatn og ryk komist í vélina.
- Notkun samþykkrar ResMed ofnæmisverndandi síu leiðir til örlítið skertrar nákvæmni í þrýstingi við meiri leka.

Þrif vélarinnar

Þurkið yfirborðið með þurrum klúti vikulega.

Sjá notkunarleiðbeiningar fyrir grímur varðandi þrif á grímum.

Aftengið alla hluta samkvæmt leiðbeiningunum og gangið ur skugga um að rakagjafinn sé fjarlægður og geymdur á hreinum, þurrum stað.

Endurvinnsla

AirMini börkum, AirMini tengjum, lostrásareiningum og vatnslausum rakagjöfum verður að farga og endurnýja þar sem sóttthreinsun er ekki möguleg og ekki er hægt að miðla til annarra einstaklinga.

Ferðalög

Þú getur tekið AirMini vélina með þér hvert sem þú ferð. Vertu viss um að vera með viðeigandi aflagjafa fyrir svæðið sem þú ferðast til. Hafðu samband við meðferðaraðila varðandi upplýsingar um kaup.

Flugferðir

Hjá sumum flugfélögum teljast lækningatæki ekki með í takmörkunum á handfarangri. Leitaðu upplýsinga hjá flugfélaginu varðandi reglur um lækningatæki.

Þú getur notað AirMini vélina um borð þar sem hún uppfyllir skilyrði FAA (*Federal Aviation Administration*). Á vefsíðunni ResMed.com er hægt að hlaða niður ferðabréfi og prenta út upplýsingar um að vélin uppfylli skilyrðin.

Begar vélin er notuð um borð í flugvél:

- Begar vélin er tengd við afl skal slökkt á Bluetooth (stilla á flugstillingu) með því að þrýsta á og halda Bluetooth hnappnum niðri  í að minnsta kosti tíu sekúndur þar til merkiljós er hvítt.
- Ekki nota AirMini app.
- Notaðu Start/Stop hnappinn  á vélinni til að hefja meðferð.
- Til að endurtengja Bluetooth (fara út úr flugstillingu), skal þrýsta á Bluetooth hnappinn.

Bilanagreining

Ef þú lendir í vandræðum skaltu athuga eftirfarandi atriði bilanagreiningar. Ef þú getur ekki leyst vandamálið skaltu hafa samband við meðferðaraðila eða við ResMed. Ekki reyna að opna vélina.

Vandamál/hugsanleg orsök	Lausn
Löft lekur undan grímunni/Heyrist of mikið í grímunni	
Hugsanlega situr gríman ekki rétt	Gakktu úr skugga um að gríman sitji rétt. Skoðaðu notkunarleiðbeiningar grímunnar um hvernig gríman skal sitja eða reyndu aðgerðina Mask Fit með því að nota AirMini app til að athuga hvernig gríman situr og þéttni.

Vandamál/hugsanleg orsök	Lausn
AirMini kerfið getur verið rangt sett saman	Gakktu úr skugga um að AirMini kerfi sé rétt samsett. Sjá frekari upplýsingar í kafla Uppsetning og upphaf
Lofthæðingur í grímunni virðist og lágur / Eins og að ég fái ekki nægilegt loft	
Aðlögunartími (<i>Ramp Time</i>) er í gangi	Fáðu staðfest með AirMini app að aðlögunartími sé virkjaður. Ef svo er skaltu bíða þar til þrýstingur eykst eða slökkva á aðlögunartíma með AirMini app.
HumidX eða loftrás getur verið stífluð	Athugaðu hvort HumidX eða loftrás sé stífluð eða skemmd. Sjá kafla Þrif og viðhald varðandi frekari upplýsingar.
HumidX getur verið blautt	HumidX skal vera þurrt við upphaf meðferðar. Athugaðu hvort HumidX sé blautt og endurnýjaðu ef þarf.
Ég get ekki hafið meðferð	
Hugsanlega ekki tengt við straum	Tengdu aflagjafann og gættu að því að fyllilega sé stungið í samband. Græna merkijósið á aflagjafaeiningunni ætti að lýsa. Athugið hvort græna ljósið fyrir ofan Start/Stop hnappinn á vélinni sé ekki líka logandi.
Meðferðin hefur stöðvast	
Barkinn getur verið aftengdur	Gakktu úr skugga um að barkinn sé rétt tengdur. Þrýstu á Start/Stop hnappinn til að halda meðferð áfram.
Mikill leki gæti verið og að SmartStop hafi virkjast	Vertu viss um að gríman sitji rétt. Að öðrum kosti skaltu afvirkja SmartStop.
Merkiljós Bluetooth er stöðugt hvítt. Ég get ekki samtengst vélinni.	
Bluetooth er afvirkjað	Þrýstu á Bluetooth hnappinn í 3 sekúndur. Þegar blátt Bluetooth merkiljós blikkar er vélin tilbúin til að samtengjast.
Ég get ekki skannað QR-kóðann til að samtengjast vélinni	
Myndavélin er ekki í fókus, biluð eða miði QR-kóða er skemmdur	Þú getur samtengt vélina handvirkt með því að slá fjögurra tölustafa lykiltölur sem eru á bakhluta vélarinnar inn í snjalltækið.
Miði QR-kóða er ólæsilegur	Hafðu samband við meðferðaraðilann.

Vandamál/hugsanleg orsök	Lausn
Ljósið fyrir ofan Start/Stop hnappinn blikkar grænt	
Villa hefur komið fram í vélinni	Aftengið vélina. Bíddu í nokkrar sekúndur og tengdu vélina aftur. Hafðu samband við meðferðaraðilann ef vandamálið er viðvarandi. Ekki opna vélina.
Ég finn fyrir þurrki (nefþurrkur eða stífla)	
Gríman gæti setið rangt	Lagaðu og settu grímuna aftur á til að bæta þéttni. Aðgættu að ekkert loft leki úr grímunni. Ef þéttnin er góð skaltu reyna að nota HumidX Plus.
Ég er að nota vatnslausan rakagjafa og fæ óþægilega vatnsdropa og nefið,	
Rakastigið er of hátt	<i>Ef þú notar HumidX eða HumidX F20:</i> Fjarlægðu rakagjafann og reyndu meðferð án raka. <i>Ef þú notar HumidX Plus:</i> Reyndu HumidX í staðinn. Það hjálpar við að draga úr myndun vatnsdropa. Hafðu samband við meðferðaraðilann ef vandamál eru viðvarandi. Athugasemd: Þú gætir þurft að nota vatnslausan rakagjafa þegar rakastig í umhverfinu breytist.
AirMini tengist ekki sjálfkrafa aftur við snjalltækið	
Bluetooth tenging hefur rofnað	Gakktu úr skugga um hvort snjalltækið sé samtengt einhverju öðru Bluetooth tæki. Ef snjalltækið er tengt öðru tæki skaltu athuga hvort kveikt sé á AirMini vélinni og veldu AirMini af listanum yfir tengjanleg tæki. Ef AirMini tengist ekki við Bluetooth skaltu slökkva á AirMini vélinni við innstungu og kveikja aftur eftir 10 sekúndur. Ef AirMini tengist ekki þá skaltu endurtaka leiðbeiningar um hvernig vélin er tengd við snjalltæki.

Almennar viðvaranir og varúðarreglur



VIÐVÖRUN

- Gakktu úr skugga um að barkanum sé komið þannig fyrir að ekki sé snúningur við tengingu og millistykki.
- Ekki hafa aflsnúruna nálægt heitu yfirborði.
- Skoðaðu aflsnúrur, leiðslur og aflgjafaeiningar reglulega hvort slit sé sjáanlegt. Ef skemmdir eru skal hætta notkun og endurnýja.
- Ef þú tekur eftir einhverjum óútskýrðum breytingum í virkni vélarinnar, ef óvenjuleg hljóð heyrast, ef aflgjafinn hefur orðið fyrir hnjaski, slæmri meðferð eða ef lokunarbúnaður er brotinn skaltu hætta notkun og hafa samband við meðferðaraðila eða þjónustuaðila ResMed.
- Ekki opna eða breyta vélinni. Inni í vélinni eru engir hlutar sem notandi getur þjónustað. Einungis viðurkenndur þjónustuaðili ResMed á að sjá um viðgerðir og þjónustu.
- Varist skammhlaup:
 - Ekki láta vélina, aflgjafann eða aflsnúruna liggja í vatni.
 - Ef vökvi hellist inn í vélina eða á hana skal taka vélina úr sambandi og láta hlutana þorna.
 - Takið vélina alltaf úr sambandi fyrir þríf og tryggið að allir hlutar séu þurrir áður en aftur er stungið í samband.
- Ekki nota með súrefni. Allir súrefnisgjafar verða að vera staðsettir meira en 1 meters fjarlægð frá vélinni til að forðast eld og bruna.
- Ekki annast neitt viðhald á meðan vélin starfar.
- Notið eingöngu AirMini (t.d. loftsiur), grímur og fylgihluti sem leyfa eðlilega öndun til að forðast köfnun.
- Notkun annarra fylgihluta en þeirra sem skilgreindir eru fyrir vélina er ekki ráðlögð. Það getur leitt til aukinnar hættu á skemmdum á vélinni og leitt til óviðunandi virkni hennar.

- Ekki ætti að nota vélina við hliðina á eða í stafla með öðrum búnaði. Ef notkun vélarinnar við hliðina á eða í stafla með öðrum búnaði er nauðsynleg, skal fylgjast með því að hún starfi eðlilega við notkunaraðstæður.
- Grímukerfi AirMini er tengi með loftrásum. Tengið fyrir AirMini andlitsgrímur er einnig með loftrásarloka (*Air Admittance Valve – AVV*). AAV og loftrásir eru með sérstökum öryggisbúnaði til að hindra uppsöfnun koldíoxíðs í grímunni. AAV og loftrásur skal halda hreinum og ekki hylja eða stífla. Tengin skal ekki nota ef loftrás eða AAV hafa orðið fyrir skemmdum þar sem búnaðurinn getur þá ekki virkað sem öryggisbúnaður. Endurnýja skal tengin ef lokarnir í loftrásinni eða AAV eru skemmdir, aflagaðir eða rifnir.
- Vélin er ekki ætluð til að vera stórnað af einstaklingum (börn meðtalin) með skerta líkamlega eða andlega getu eða með skerta skynjun án viðeigandi eftirlit einstaklings sem er ábyrg fyrir öryggi einstaklingsins.
- Vélin hefur ekki verið prófað eða vottað til notkunar í námunda við röntgentæki, sneiðmynda- eða segulómunartæki. Ekki færa vélina nær röntgen- eða sneiðmyndatæki en 4 m (13 fet). Aldrei færa vélina inn á svæði segulómunar.



VARÚÐ

- Notið eingöngu ResMed AirMini hluta (t.d. loftinntakssíu, rafhlöðu, aflgjafa), grímur og fylgihluti með vélinni. Aðrir fylgihlutir en ResMed AirMini hlutir geta dregið úr virkni meðferðarinnar, geta leitt til umframmagns innöndunar koldíoxíðs og/eða skemmt vélina. Sjá frekari upplýsingar um samrýmanleika á ResMed.com.
- Með því að hindra flæði um barka og/eða loftinntak vélarinnar á meðan hún er í gangi getur leitt til þess að vélin ofhitnar.
- Haldið svæðinu í kringum vélina þurru, hreinu og lausu við allt (t.d. fötum, koddum eða rúmfötum) sem gætu hindrað loftinntakið eða hulið aflgjafann.

- Notið ekki bleikiefni, klór, spritt eða ilmandi lausnir, raka- eða bakteríudrepandi sápu eða ilmoliur til að þrifa vélina eða barkana. Lausnirnar geta valdið skaða og dregið úr endingartíma vörunnar. Útsetning fyrir reyk, þ.m.t. sígarettu-, vindla- eða pípureyk, sem og fyrir ósoni og öðrum lofttegundum getur valdið skemmdum á vélinni. Takmörkuð ábyrgð ResMed nær ekki til skemmda af völdum ofangreindra atriða.
- Ekki stinga neinni USB snúru í vélina eða reyna að tengja aflgjafann við USB tæki. Það getur valdið skemmdum á vélinni eða á USB tækinu.

Ath.: Sérhvert alvarlegt tilvik sem fram kemur í tengslum við vélina skal tilkynna til ResMed og til viðeigandi yfirvalda í þínu landi.

Tæknilegar upplýsingar

Aflgjafaeining

Inntaksbil riðstraums (AC)

100–240 V, 50–60 Hz, 0,5–0,3 A
115 V, 400 Hz fyrir notkun í flugvél, 0,4 A

Úttaksstraumur jafnstraums (DC)

24 V  0,83 A

Dæmigerð rafmagnsnotkun

6,3 W

Mesta rafmagnsnotkun

27 W

Ef rafmagn rofnar meðan á meðferð stendur mun vélin endurræsast sjálfkrafa þegar rafmagn kemst aftur á.

AirMini afl

Rafmagnsnotkun í biðstöðu

1 W

Umhverfisaðstæður

Hitastig við notkun

+5° C til +35° C (+41° F til +95° F)

Ath.: Í miklum umhverfishita (40° C/104° F) getur loft og hlutar barkans nálægt grímunni náð hitastigi allt að 43° C/109° F. Þessir hlutar barkans eru ekki í snertingu við notandann og vélin er örugg við svo ýktar aðstæður.

Rakastig við notkun

10 til 95% hlutfallslegur raki, án þéttingar

Hæð við notkun

Frá sjávarmáli að 2.591 m (8.500 fet); loftþrýstingur á bilinu 1013 hPa til 738 hPa

Geymslu- og flutningshitastig

-25° C til +70° C (-13° F til +158° F)

Geymslu- og flutningsrakastig

5 til 95% hlutfallslegur raki, án þéttingar

Loftsía

Hefðbundin

Efni: Pólýester óofnar trefjar
Meðaltalsmótstaða: >75% þegar prófað skv. EN779

Ekki ofnæmisvaldandi

Efni: Trefjar úr gerviefnum í pólýprópylen umbúðum
Verkun: >80% (meðaltal) þegar prófað skv. EN 13274-7

AirMini vélin

Mál	136 mm (b) x 84 mm (d) x 52 mm (h) 5,4" (b) x 3,3" (d) x 2,1"(h)
Þyngd	300 g (10,6 oz)
Gerð vélarhlífar	Hitapolið eldvarnarefni
Úttak lofts	Sértengi, 16 mm innra þvermál. Ósamrýmanlegt við EN ISO 5356-1 tengi.

AirMini loftbarkar

Efni	Sveigjanlegt plast
Lengd	1,9 m (6'2")

Segulssviðssamhæfni

AirMini uppfyllir allar gildandi kröfur varðandi segulssviðssamhæfni samkvæmt IEC60601-1-2:2014, fyrir íbúðar- og verslunarhúsnæði og umhverfi léttis iðnaðar. Færangleg tæki og fjarskiptabúnaður sem sendir út útvarpsbylgjur skal ekki notaður nær neinum hlutum vélarinnar en sem nemur ráðlögðu 10 cm millibili. AirMini er hannað til að mæta stöðlum um segulssviðssamhæfni. Ef þig grunar engu að síður að virkni vélarinnar (t.d. þrýstingur eða flæði) truflist vegna annarra tækja skal færa vélna frá hugsanlegri orsök truflunarinnar.

AirMini uppfyllir kafla 15 í reglum nefndar um almannasamskipti (*Federal Communications Commission – FCC*) og *Industry Canada license* – nema RSS staðla. Notkun er háð tveimur eftirfarandi skilyrðum: Vélin getur ekki valdið skaðlegum truflunum og vélin verður að samþykkja truflanir sem berast, þ.m.t. truflanir sem geta valdið óæskilegri virkni. FCC ID: Q0QBT121, IC: 5123A-BGTBT121. Frekari upplýsingar um FCC-reglur og samhæfni sjálfstæðra verktakafyrirtækja varðandi vélna má finna á www.resmed.com/downloads/devices.

Yfirlýsing um samræmi (varðandi tilskipun um útvarpsbúnað)

ResMed lýsir því yfir að AirMini tækið (módel 381xx) er í samræmi við grundvallar-kröfur og önnur viðeigandi ákvæði Evróputilskipunar 2014/53/EU (RED). Afrit yfirlýsingar um samræmi (Declaration of Conformity (DoC)) má finna á Resmed.com/productsupport.

Þetta útvarpsbylgjutæki starfar á eftirfarandi bylgjulengdum og hámarks afli útvarpstíðni: Bluetooth Class 2. 2402 til 2480 MHz, 4dBm.

Þráðlaus tækni

Tækni sem notuð er	Bluetooth
Gerðir tengja	SPP, iAP2, GATT
Tíðni	2402 til 2480 MHz
Hámarksafl úttaks útvarpsbylgna	4 dBm
Starfssvið	10 m (flokkur 2)
Ráðlagt er að vélin sé að lágmarki 1,1 cm (0,43") frá líkamanum á meðan hún starfar. Grímur, barkar og fylgihlutir sem ekki eiga við.	

Flokkun IEC 60601-1 (útgáfa 3.1)

Flokkur II (tvöföld einangrun), BF-gerð, ryk- og vatnsvörn IP22.

Lengd 1,9 m (6'2")


Þrýstingsbil við notkun

AutoSet, AutoSet For Her, CPAP 4 til 20 cm H₂O (4 til 20 hPa)

Stöðugur þrýstingur við hámark staka bilun

Vélin slekkur á sér ef fram kemur stök bilun ef þrýstingur verður meiri en 30 cm H₂O (30 hPa) lengur en í 6 sekúndur eða 40 cm H₂O (40 hPa) lengur en í 1 sekúndu.

Loftstreymisleið



1. Flæðisskynjari
2. Blásari
3. Þrýstingsskynjari
4. AAV (F20 tengi eingöngu)
5. Loftrás
6. HumidX (N20, N30 og P10 tengi eingöngu)
7. Gríma
8. Barki
9. Vél
10. Inntakssía

Þrýstingsnákvæmni

Hámarks frávik kyrrstöðuþrýstings við 10 cm H₂O (10 hPa) samkvæmt ISO 80601-2-70:2015:

Prófað með andlitsgrímu: $\pm 0,5$ cm H₂O (0,5 hPa)

Hámarks frávik kraftmikils þrýstings samkvæmt ISO 80601-2-70:2015

Vél með andlitsgrímu

Þrýstingur cm H ₂ O (hPa)	10 bpm	15 bpm	20 bpm
4	0,5	0,7	1,0
8	0,5	0,7	1,0
12	0,5	0,7	1,0
16	0,5	0,7	1,0
20	0,5	0,7	1,0

Flæði (hámark) við valinn þrýsting

Eftirfarandi er mælt samkvæmt ISO 80601-2-70:2015 við endann á tilgreindum barka:

Þrýstingur cm H ₂ O (hPa)	AirMini vél og AirMini barki l/mín. (óvissa þar á meðal)
4	119
8	116
12	112
16	108
20	105

Óvissa mælingakerfa

Samkvæmt ISO 80601-2-70:2015 er óvissa prófunarmælitækja framleiðanda sem hér segir:

Mælingar á flæði	± 1,5 l/mín. eða ± 2,7% af aflestri (það sem er meira)
Vegna mælinga á kyrrstöðuþrýstingi	± 0,15 cm H ₂ O (hPa)
Vegna mælinga á virkum þrýstingi	± 0,27 cm H ₂ O (hPa)
Vegna rúmmálmælinga (< 100 ml)	± 5 ml eða 6% af aflestri (það sem er meira)
Vegna rúmmálmælinga (≥ 100 ml)	± 20 ml eða 3% af aflestri (það sem er meira)
Tímamælingar	± 10 m/sek.

Ath.: Nákvæmni uppgæfin í ISO 80601-2-70:2015 og niðurstöður prófana í bæklingnum taka þegar tillit til ónákvæmni eins og við á fyrir þessa þætti í töflunni hér að ofan.

Hljóð

Tvöföld hljóðmengun er gefin upp samkvæmt ISO 4871:1996

Þrýstingur mældur samkvæmt ISO 80601-2-70:2015 (CPAP stilling) 29 dBA með óvissu sem nemur 2 dBA

Þrýstingur mældur samkvæmt ISO 80601-2-70:2015 (CPAP stilling) 37 dBA með óvissu sem nemur 2 dBA

Þrýstingur A-kvarðaðs hljóðs (20 Hz-20 kHz) er mældur samkvæmt ISO 17510:2015:

Barki tengdur við AirMini F20 19 dBA með óvissu sem nemur 3 dBA tengi með grímu

Barki tengdur við AirMini N20, N30 eða P10 tengi með grímu 15 dBA með óvissu sem nemur 3 dBA

Hljóðstyrkur A-kvarðaðs hljóðs (20 Hz-20 kHz) er mældur samkvæmt ISO 17510:2015:

Barki tengdur við AirMini F20 27 dBA með óvissu sem nemur 3 dBA tengi með grímu

Barki tengdur við AirMini N20, N30 eða P10 tengi með grímu 23 dBA með óvissu sem nemur 3 dBA


Flæðikúrva þrýstings (ISO 17510:2015)

AutoSet, AutoSet For Her, CPAP 4 til 20 cm H₂O (4 til 20 hPa)

Stöðugur þrýstingur við hámark staka bilun

Vélin slekkur á sér ef fram kemur stök bilun ef þrýstingur verður meiri en 30 cm H₂O (30 hPa) lengur en í 6 sekúndur eða 40 cm H₂O (40 hPa) lengur en í 1 sekúndu.

Loftstreymisleið



Mótstaða

*Mótstaða innöndunar og
útöndunar með opna loftloku
(AAV) fyrir loftþrýstingi
(ISO 17510:2015)*

F20 tengi

Innöndun 50l/mín.

0,7 cm H₂O (hPa)

Útöndun 50l/mín.

0,5 cm H₂O (hPa)

AAV þrýstingur (ISO 17510:2015)

F20 tengi

Þrýstingur opinn fyrir loftþrýstingi

0,9 cm H₂O (hPa)

Þrýstingur lokaður fyrir loftþrýstingi

1,0 cm H₂O (hPa)

Endingartími hönnunar

Vél, aflgjafaeining

5 ár

Barkar, tengi

6 mánuðir

HumidX

30 dagar

Almennt

Athugasemdir:

- Framleiðandi áskilur sé rétt til að breyta skilgreiningum án fyrirvara.
- Barkakerfið inniheldur ekki PVC, DEHP eða þalöt.

Merki

Eftirfarandi merki geta komið fram á vörunni eða pakkingum:



Lesið leiðbeiningar fyrir notkun (IEC 60601-1)



Merkir viðvörun eða varúð (IEC 60601-1)



Fylgið leiðbeiningum fyrir notkun (IEC 60601-1)



Framleiðandi (ISO 15223-1)



Lotunúmer (ISO 15223-1)



Vörulistanúmer (ISO 15223-1)



Raðnúmer (ISO 15223-1)



Númer tækis



On/Off (IEC 60601-1)

IP22 Varið gegn hlutum í fingurstærð og gegn vatnsleka við halla allt að 15 gráðum frá skilbreindri stöðu. (IEC 60601-1-11)



Jafnstraumur (IEC 60601-1)



Hlutar af BF-gerði notaðir (IEC 60601-1)



Tæki af flokki II (IEC60601-1)



Takmörkun vegna rakastigs (ISO 15223-1)



Takmörkun vegna hitastigs (ISO 15223-1)



Geislun ekki jónandi (IEC60601-1-2)



Bluetooth (*Bluetooth Brand*-leiðbeiningar)

Rx Only Eingöngu eftir ávísun (í Bandaríkjunum takmarka alríkislög sölu tækjanna við lækna eða ávísun lækna) (21 CFR 801)



Lofthæð við notkun



Takmarkanir vegna lostþrýstings (ISO 15223-1)



Uppfyllir RTCA DO-160 kafla 21, flokkun M



Óöruggt í ragsegulsviði (ekki nota nálægt segulómunartæki).
(ASTM F2503)



Endurnýja 30 dögum eftir opnun



Ekki nota ef pakkningin er skemmd (ISO 15223-1)



Lækningatæki



Innflyrjandi

Sjá orðalista merkja á www.resmed.com/symbols.



Umhverfisupplýsingar (Evróputilskipun 2012/19/EE um úrgang raf- og rafeindabúnaðar – WEEE)

Vélinni skal farga sérstaklega, ekki með óflokkuðu hemilissorpi. Við förgun vélarinnar skal farga hjá söfnunarstöðvum fyrir endurnýtingu eða endurvinnslu á þínu svæði. Slíkt förgun hjá stöðvum fyrir endurnýtingu eða endurvinnslu er ætlað að minnka ágang á náttúruauðlindir og til að koma í veg fyrir að hættuleg efni mengi umhverfið.

Ef þú þarft upplýsingar um förgun, hafðu þá samband við förgunarstöðvar. Yfirstrikað ruslatunnumerki bendir þér á að notast við þessa förgunarstaði. Ef þú þarft upplýsingar um söfnun og förgun á ResMed vélinni skaltu hafa samband við sölu- og dreifingaraðila ResMed á staðnum eða heimsæktu www.resmed.com/environment.

Þjónusta

AirMini vélinni er ætlað að virka á öruggan og áreiðanlegan hátt þegar hún er notuð samkvæmt leiðbeiningum sem ResMed veitir. ResMed ráðleggur að AirMini vélin fái þjónustuskoðun hjá viðurkenndum ResMed þjónustuaðila ef einhver merki koma fram um slit eða áhyggjur af verkun vélarinnar. Annars er almennt ekki þörf á þjónustuskoðun vélarinnar á endingartíma þess.

Takmörkuð ábyrgð

ResMed Pty Ltd (hér eftir kallað „ResMed“) ábyrgist að ResMed varan sé án galla hvað varðar efni og framleiðslu frá dagsetningu kaupa í þann tíma sem getið er um hér fyrir neðan.

Vara	Ábyrgðartími
Grímur (þ.m.t. umbúnaður grímu, púðar, höfuðbúnaður og barkar)— einnota tæki undanskilin	90 dagar
Fylgihlutir— einnota tæki undanskilin	
Rafhlöður til nota í innri eða ytri rafhlöðukerfi ResMed	6 mánuðir
CPAP vél (þ.m.t. utanáliggjandi aflgjafar) utanáliggjandi í ResMed rafhlöðukerfi	2 ár

Þessi ábyrgð er einungis fyrir upphaflega notandann. Er ekki framseljanleg.

Ef varan stenst ekki kröfur á ábyrgðartímanum við eðlilega notkun mun ResMed gera við eða skipta út, samkvæmt eigin vali, gölluðu vörunni eða stökum hlutum hennar.

Þessi takmarkaða ábyrgð nær ekki til: a) allra skemmda vegna óviðeigandi notkunar, misnotkunar, sérhverra breytinga á vörunni; b) viðgerða sem gerðar eru af hvaða þjónustuaðila sem er sem ekki hefur sérstaklega fengið leyfi hjá ResMed til að framkvæma slíkar viðgerðir; c) sérhver skemmd eða mengun vegna sígarettu, pípu eða annarra reykinga; og d) skemmda vegna útsetningar fyrir ózoni, virkjuðu súrefni eða vegna annarra lofttegunda.

Ábyrgð er ógild á vöru sem seld er eða endurseld utan lands upphaflegra kaupa.

Ábyrgðarkröfu vegna gallaðrar vöru verður upphaflegur notandi að gera þar sem kaupin fóru fram.

Þessi ábyrgð kemur í stað allra annarra ábyrgða sem tjáðar hafa verið eða óbeinar ábyrgðir, þ.m.t. óbein ábyrgð um söluhæfni eða hæfni í sárstökum tilgangi. Sum svæði eða ríki leyfa ekki takmarkanir á því hve lengi óbein ábyrgð endist, svo verið getur að ofangreindar takmarkanir eigi ekki við í þínu tilviki.

ResMed er ekki ábyrgt fyrir skemmdum eða afleiddum skemmdum sem hafi orðið frá sölu, uppsetningu eða notkunar á einhverri vöru frá ResMed. Sum svæði eða ríki leyfa ekki útilokun eða takmarkanir skemmdum eða afleiddum skemmdum, svo verið getur að ofangreindar takmarkanir eigi ekki við í þínu tilviki.

Þessi ábyrgð veitir þér sérstök lagaleg réttindi og vera kann að þú hafir einnig önnur réttindi sem eru mismunandi frá einu svæði til annars. Hafðu samband við söluaðila ResMed á staðnum ef þú óskar eftir frekari upplýsingum um ábyrgðarréttindi þín.

Heimsækið ResMed.com varðandi nýjustu upplýsingar um takmarkaða ábyrgð ResMed.

Frekari upplýsingar

Ef þú hefur einhverjar spurningar eða þarft frekari upplýsingar um notkun vélarinnar skaltu hafa samband við meðferðaraðilann.

